Nr. 19.
16.
sept

# Lög

um

hafnsögugjald í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkur höfn, 8 aura í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrnefndu, en 5 aura af hverri smálest hinna síðarnefndu skipa. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, er skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr.

Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefur greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr.

Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 16. sept. 1893.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 19.
16de
Sept.

om

## Afgift til Lodseriet i Reykjavik.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Stedet for de ved Takst af 1ste December 1841 fastsatte Lodspenge erlægges af alle Handels- og Passagerskibe samt af udenlandske Fiskerskibe, som ankre op paa Reykjaviks Red, en Afgift til Lodsvæsenet sammesteds af 8 Øre for de førstnævntes og 5 Øre for de sidstnævntes Vedkommende for hver Registerton af Skibets Drægtighed. Den første Gang vedkommende Skib i Aarets Løb anløber Reykjaviks Red, erlægges Afgiften, hvad enten det benytter Lods eller ej, men anløbes Reden derefter flere Gange i det samme Aar, erlægges Afgiften kun de Gange, da Lodsen faktisk benyttes.

§ 2.

Den i § 1 ommeldte Afgift indkræves af Byfogden i Reykjavik ved Forevisningen af de paagældende Skibes Papirer og anvendes til at lønne den eller de ved Reykjavik Købstads Lodseri beskikkede Lodser.

Hver Gang et Skib, der har erlagt den nævnte Afgift, paa en senere Rejse i det samme Aar benytter Lods ved Indsejlingen til eller Udsejlingen fra Reykjaviks Red, har vedkommende Lods ufortøvet at anmelde saadant for Byfogden.

§ 3.

For Orlogsskibes, Lystfartøjers og indenlandske Fiskerskibes Vedkommende har det i Henseende til Benyttelsen af Lods og Betaling til denne sit Forblivende ved de hidtil gældende Regler.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1894.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16de September 1893.

---

**Ministeriet for Island, den 16de September 1893.**

*J. Nellemann.*

---

*Ólafur Halldórsson.*